TRÚARBRÖGÐ MANNKYNS

Sigurður Ingi Ásgeirsson

# GYÐINGDÓMUR

## – SÁTTMÁLI ÞJÓÐAR

Kennaraefni

NÁMSGAGNASTOFNUN

Kennaraefni með kennslubókinni
Gyðingdómur – Sáttmáli þjóðar

© 2007 Sigur›ur Ingi Ásgeirsson

Ritstjóri: Ingólfur Steinsson

Öll réttindi áskilin

1. útgáfa
NÁMSGAGNASTOFNUN
Reykjavík

Umbrot og útlit: Námsgagnastofnun

Vefefni

# Efnisyfirlit


Til kennarans . . . . . 4

1 Inngangur . . . . . 6

2 Upphaf trúarinnar . . . . . 8
Kort: Leið Abrahams . . . . . 10
Kort: Eyðimerkurförin . . . . . 11
Verkefni: Boðorðin mín . . . . . 12

3 Fyrirheitna landið . . . . . 13
Kort: Kanaan . . . . . 15

4 Helgirit . . . . . 16

5 Helgistaðir . . . . . 18

6 Sýnagógan . . . . . 20
Vinnublað: Sýnagóga að innan . . . . . 23

7 Heimilið . . . . . 24

8 Merkisdagar ársins . . . . . 26
Verkefni: Sedar diskur . . . . . 29
Verkefni: Dreidel-spilið . . . . . 31
Verkefni: Hannukkah stjaki . . . . . 32
Verkefni: Latkes kökur . . . . . 33

Heimildir fyrir nemendur . . . . . 34

Heimildir fyrir kennarann . . . . . 40

# Til kennarans

Ágæti kennari,

Þessar leiðbeiningar eru skrifaðar til að aðstoða þig við að nota nemendabókina *Gyðingdómur – Sáttmáli þjóðar* í trúarbragðafræðslu á miðstigi grunnskólans. Vonandi finnur þú hér hugmyndir sem nýtast þér í kennslunni.

Í kennslubókum í kristinfræði er víða fjallað um gyðingdóm þar sem rætur kristninnar er þar að finna. En fram til þessa hefur ekki verið til kennslubók sem fjallar um gyðingdóm á eigin forsendum, án beinnar skírskotunar til kristinnar trúar eða sem hluti af námsefni í kristnum fræðum. Við samningu nemendabókarinnar var þetta haft sérstaklega í huga til þess að hún geti nýst bæði kristnum börnum og börnum sem tilheyra öðrum eða engum trúarbrögðum. Á einstaka stað er þó getið um kristna trú í kennslubókinni en þá eingöngu til samanburðar.

Eins og öðrum kennslubókum í flokknum fylgir bókinni um gyðingdóm fræðslumynd um sama efni. Ég hvet þig til að nota myndina samhliða yfirferð bókarinnar.

## Um trúarbragðafræðina

Gildi trúarbragðafræðslunnar er ekki síst að hún eykur víðsýni nemenda og skilning þeirra á menningu annarra – enda hafa trúarbrögð mannkyns verið mjög mikilvægur þáttur, ef ekki sá mikilvægasti, í þróun flestra þjóðfélaga heimsins.

Kennarinn þarf að hafa hugfast að þessi kennsla er ekki trúboð heldur hlutlaus fræðsla. Hann ætti að gæta þess að upphefja hvorki ákveðin trúarbrögð né gera lítið úr kenningum þeirra eða framlagi til þjóðfélagsins. Þannig er ekki æskilegt að tala um „okkar trú“ og „þeirra trú“ í þessu sambandi.

Hér á landi er að finna meðlimi allra helstu trúarbragða mannkyns og þeim fer sífellt fjölgandi sem setjast hér að úr öðrum menningarheimum. Þó að flestir nemendur komi úr kristnum fjölskyldum og hér sé kristin þjóðkirkja er mikilvægt að hlutleysis sé gætt í fræðslunni. Trú er mikið tilfinningamál fyrir flesta, ekki síst börn sem geta fundið til einangrunar ef þeirra trú er gert lægra undir höfði en trú annarra. Kennarinn þarf líka að muna að í flestum ef ekki öllum bekkjum eru börn foreldra sem aðhyllast enga trú eða eru trúlaus.

Í kennaraefninu með bókinni *Islam – að lúta vilja Guðs* er ágæt hugleiðing um kennslu trúarbragða, eftir Guðlaugu Björgvinsdóttur, sem gagnlegt er að kynna sér áður en hafist er handa. Þar færir Guðlaug rök fyrir mikilvægi námsefnisins og bendir á hvað þarf að hafa í huga við kennslu þess. Sjá vef Námsgagnastofnunar.

## Aðalatriði kaflans

Í upphafi hvers kafla er þess getið á hvaða blaðsíðum hann er í kennslubókinni og þar fyrir neðan er skrá yfir aðalatriði kaflans.

## Viðbótarupplýsingar

Við suma kaflana í þessu kennaraefni er bætt við ýmsum fróðleik sem er ekki í námsbókinni en gæti komið að notum til að svara spurningum nemenda um efnið, eða til að auka við þekkingu þeirra. Á bls. 40–42 er skrá yfir heimildir sem kennarinn getur stuðst við, svo sem bækur, kvikmyndir á myndböndum eða DVD, tónlist á geisladiskum og efni af Netinu.

Með kennaraefninu fylgja nokkur einföld söguleg kort sem nýta má í kennslunni, annaðhvort með því að bregða þeim upp í kennslustundinni (t.d. með myndvarpa eða skjávarpa) eða ljósrita þau handa hverjum nemanda.

## Spurningar og verkefni

Þú hefur væntanlega tekið eftir því að það eru engar spurningar eða verkefni í nemendabókinni. Þetta kennaraefni bætir úr því.

Við alla kaflana eru opnar spurningar út frá efni kaflans, sem kallast „Til umhugsunar.“ Tilgangur þeirra er að fá nemendur til að velta fyrir sér siðfræðilegum spurningum, eða að bera saman ákveðna þætti í ýmsum trúarbrögðum – að finna hvað þau eiga öll sameiginlegt og hvað er mismunandi.

Nokkur tilbúin verkefni sem leggja má fyrir nemendur er að finna í þessum kennsluleiðbeiningum. Verkefnin gefa tilefni til samþættingar með öðrum námsgreinum, svo sem myndmennt, tónmennt, heimilisfræði, smíðum og tölvuleikni.

Undir liðnum „Upprifjun“ eru spurningar til að hjálpa kennaranum að komast að því hvort nemendur hafi öðlast þekkingu á aðalatriðum kaflans.

## Heimildavinna

Á bls. 25–28 í þessum leiðbeiningum er skrá yfir heimildaverkefni út frá efni kennslubókarinnar og bent á bækur sem nemendur geta leitað upplýsinga í. Hugmyndin er að kennarinn ljósriti listann og dreifi honum til nemenda sinna sem velja sér efni af honum. Ef þetta er gert strax við upphaf námsins má jafnvel tengja kynningar nemenda á sinni heimildavinnu við yfirferð kennslubókar. Slíkt kryddar kennsluna og vekur áhuga nemenda á náminu. Nánari upplýsingar um hvernig skipuleggja mætti vinnuna í samstarfi við skólasafnskennarann er að finna á bls. 48 og 49 í kennaraefninu með hindúatrú sem er á vef Námsgagnastofnunar. Hér er slóðin: http://www.nams.is/allt-namsefni/vorunr/2941 Smelltu svo á tengilinn „veffang.“

*Sigurður Ingi Ásgeirsson*

# 1 INNGANGUR

## Bls. 5–7

### Aðalatriði kaflans

Eins og nafn kaflans bendir til veitir hann yfirsýn yfir efni bókarinnar. Þó eru hér nokkur atriði sem ekki er fjallað um frekar í henni:

- Að vera gyðingur.
- Frægir gyðingar.
- Hvar búa gyðingar á jörðinni?
- Fjöldi gyðinga.
- Aldur trúarinnar.
- Nafn trúarinnar.
- Trúin á einn Guð.

### Til umhugsunar

Í upphafi er ágætt að kanna hvað nemendur vita um gyðingdóm og gyðinga. Hefja mætti umræðuna með því að skrifa orðin gyðingdómur og gyðingar á töfluna og spyrja síðan:

- Hvað dettur ykkur í hug þegar ég nefni orðið gyðingdómur?
- Hvað vitið þið um gyðingdóm?
- Hvað vitið þið um gyðinga, fylgjendur trúarinnar?
- Þekkið þið einhvern sem er gyðingur?
- Vitið þið hvað felst í því að vera gyðingur?

### Verkefni

Börnin leita að Ísrael á landakorti. Athuga hvaða lönd og höf liggja að landinu. Staðsetja Jerúsalem, höfuðborgina og Tel Aviv, stærstu borgina.

Fáðu börnin til að safna myndum eða frásögnum um gyðingdóm, t.d. úr dagblöðum og tímaritum, annaðhvort með því að klippa myndirnar úr blöðunum eða teikna eftir þeim. Hvert barn segir bekknum frá sinni mynd og síðan eru myndirnar límdar á stórt veggspjald um trúna sem hengt er upp í kennslustofunni.

Bjóddu gyðingi sem býr á Íslandi í heimsókn til að segja frá trú sinni. Þetta getur verið erfiðleikum bundið þar sem þeir eru ekki áberandi hér en er þess virði að reyna.

## Heimildavinna

Nemendur velja sér efni af lista (sjá bls. 25–28) til að skrifa um og flytja fyrir bekkinn. Eða: Nemendur leita sér upplýsinga um fræga gyðinga í bókum/á Neti og skrifa nokkrar setningar um þá.

Hér koma nokkur nöfn: Jesús frá Nasaret, Anna Frank, Ludwig Zamenhof, Yehudi Menuhin, Steven Spielberg, Marc Chagal, Albert Einstein, Robert Zimmerman, Sigmund Freud og Dorrit Moussaieff http://forseti.is/Forsida/ForsetiIslands/DorritMoussaieff/)

Nöfn yfir fræga gyðinga er að finna á http://famous.heebz.com/ Neðarlega á síðunni sérðu ótal flokka sem hægt er að velja á milli. Æskilegt er að velja nöfn þeirra gyðinga sem hafa bætt líf jarðarbúa á einhvern hátt, eru góðar fyrirmyndir. Það er mikils um vert að nemendur kynnist fyrirmyndarfólki sem getur haft heillavænleg áhrif á líf þeirra.

## Upprifjun

1. Hvað ákvarðar það hvort einhver telst vera gyðingur eða ekki? (Ef móðir hans er gyðingur telst viðkomandi einstaklingur gyðingur)
2. Nefndu einn frægan gyðing og hvað hann vann sér til frægðar.
3. Í hvaða landi búa flestir gyðingar? (Bandaríkjunum)
4. Í aðeins einu landi heims er meirihluti íbúanna gyðingar. Hvaða land er það? (Ísrael)
5. Hvað kölluðust gyðingar til forna? (Hebrear)
6. Hvað merkir orðið eingyðistrú? (Trú á einn Guð)

# 2 UPPHAF TRÚARINNAR

## Bls. 8–11

## Aðalatriði kaflans

- Abraham.
- Ættfaðir gyðinga og múslima.
- Sáttmálinn sem Guð á að hafa gert við Abraham.
- Móse.
- Gyðingar þrælar í Egyptalandi.
- Móse leiðir gyðinga út úr Egyptalandi.
- Boðorðin tíu.
- Sáttmáli Ísraelsmanna við Guð.
- Loforð um annan spámann í framtíðinni.
- Ísraelsmenn koma aftur til fyrirheitna landsins.

## Viðbótarupplýsingar

### Kort

Kort sem sýnir leiðina sem Abraham fór til Kanaan. (bls. 10)
Kort sem sýnir leiðina sem talið er að hebrear hafi farið á leiðinni til fyrirheitna landsins.(bls. 11)

### Eingyðistrú

Sú trú að aðeins sé til einn allsherjar Guð og allt í heimi sé undir hann sett er nefnd eingyðistrú. Útbreiddustu eingyðistrúarbrögðin eru þau *Abrahamísku*, svo sem *gyðingdómur*, *kristni*, *islam* og bahá'í trú. Sumir sprotar hindúatrúar aðhyllast einnig eingyðistrú. Gyðingar og múslimar halda því þó fram að með *þrenningarkenningunni* hafni kristnir hugmyndinni um einn Guð og geti því ekki talist til eingyðistrúarbragða.

### Abrahamísk trúarbrögð

Þau *trúarbrögð* sem rakin eru til ættföðurins *Abrahams*.

Móse

Samkvæmt íslenskri hefð er nafn spámannsins Móses skrifað Móse í nefnifalli en ekki Móses.

## Til umhugsunar

Í helgisögninni um Abraham brýtur hann skurðgoð föður síns, því hann vildi sýna honum að þau væru falsguðir. Þekkið þið önnur dæmi úr sögu trúarbragða þar sem spámenn hafa brugðist við á svipaðan hátt? (Múhameð og Alí brutu skurðgoðin í Kaaba. Jesús felldi um borð víxlaranna í musterinu.)

Samkvæmt Biblíunni lofaði Guð því að blessa Abraham og afkomendur ef þeir hlýddu orði Hans. Hvers konar loforð gætir þú gefið öðrum? Hvernig líður þér ef einhver stendur ekki við það sem hann lofar?

## Verkefni

1. Sjá verkefnið „Boðorðin mín“ á bls. 12.

2. Ímyndaðu þér að þú sért hebreadrengur eða stúlka á þeim tíma þegar þeir voru þrælar í Egyptalandi. Skrifaðu bréf til Ramsesar II. faraó Egyptalands og færðu rök fyrir því að hann ætti að gefa þjóð þinni frelsi og leyfa henni að yfirgefa landið.

3. Skrifaðu stutt samtal á milli tveggja fylgjenda Móse sem kvarta yfir dvölinni í eyðimörkinni. Þú gætir jafnvel samið um þetta stuttan leikþátt og fengið einhvern í lið með þér að leika hann fyrir bekkinn.

## Upprifjun

1. Hverjir telja gyðingar ættföður sinn? (Abraham)
2. Hvað segir Biblían að Guð hafi heitið Abraham og afkomendum hans ef þeir hlýddu orði Hans? (Að vernda þá og blessa)
3. Hvað heitir aðalspámaður gyðinga? (Móse)
4. Í hvaða landi voru gyðingar þrælar í 400 ár? (Egyptalandi)
5. Hvar segir sagan að Móse hafi fengið boðorðin tíu frá Guði? (Á Síonfjalli)
6. Nefnið eitt af boðorðunum tíu sem Móse færði Ísraelsmönnum.
7. Hvað þýðir orðið sáttmáli? (Samningur)
8. Hvað er talið að Ísraelsmenn hafi verið lengi á leiðinni til fyrirheitna landsins? (40 ár)

## Kort sem sýnir leiðina sem Abraham fór til Kanaan.




Heimild: Biblíuhandbókin þín. Birt með góðfúslegu leyfi Arnar og Örlygs hf.

Kort sem sýnir leiðina sem talið er að hebrear hafi farið á leiðinni til fyrirheitna landsins.




*Heimild: Biblíuhandbókin þín. Birt með góðfúslegu leyfi Arnar og Örlygs hf.*

# Boðorðin mín

Búðu til nokkur boðorð fyrir þitt eigið líf, í anda boðorðanna tíu sem Móse færði Ísraelsmönnum. Byrjaðu hvert boðorð á orðunum: „Þú skalt..."

Að lokum ræðum við um niðurstöðurnar og athugum hvort við getum komið okkur saman um tíu boðorð fyrir bekkinn (10 bekkjarreglur) sem byggð eru á boðorðunum ykkar.



Efni:

- Hvítur pappi
- Tepoki
- Skæri
- Blýantur
- Penni

Þetta þarftu að gera:

1. Notaðu pappaspald sem er með mattri áferð. Teiknaðu útlínur steintöflu á spjaldið.
2. Strjúktu yfir „steintöfluna" með tepoka sem nýlega er búið að nota en hann þarf að vera kaldur viðkomu. Á þennan hátt fær pappinn ellilegt útlit.
3. Klipptu töfluna út.
4. Skrifaðu nokkur boðorð fyrir þitt eigið líf á töfluna lauslega með blýanti.
5. Þegar þú ert ánægð(ur) með útkomuna farðu þá ofan í stafina með penna.

# 3 FYRIRHEITNA LANDIÐ

## Bls. 12–14

## Aðalatriði kaflans

- Jerúsalem.
- Davíð konungur og Salómon sonur hans.
- Musterið í Jerúsalem.
- Dreifingin eða herleiðing gyðinga.
- Helförin.
- Anna Frank.
- Stofnun Ísraelsríkis árið 1948.

Villa á kennslubók. Á bls. 12 er mynd af musteri gyðinga í Jerúsalem. Þetta líkan er ekki af musteri Salómons heldur musteri Heródesar konungs. Árið 20 f.Kr. lét hann endurbæta seinna musterið (musteri Serúbabels) og stækka musterissvæðið um helming. Beðist er velvirðingar á þessum mistökum.

## Viðbótarupplýsingar

Kort af Kanaan. Sjá bls. 15.

Ísraelski fáninn er tengdur hefðum gyðinga. Hvíti bakgrunnurinn táknar hreinleika. Bláu línurnar eftir jöðrum fánans uppi og niðri samsvara útliti bænasjala Gyðinga sem eru hvít með bláum röndum. Í miðjunni er svo *stjarna Davíðs*. Samkvæmt arfsögn átti Davíð konungur skjöld með stjörnu á.
(Heimild: *Wikipedia*. Frjálsa alfræðiritið)

## Til umhugsunar

### Gullna reglan

Í Gamla testamentinu stendur: *Þú skalt elska náunga þinn eins og sjálfan þig.* (Lev. 17:18). Sú hugsun sem fram kemur í þessum orðum, er kölluð *gullna reglan*. Hana er að finna í helgiritum allra trúarbragða mannkyns. Getið þið nefnt dæmi um gullnu regluna í öðrum trúarbrögðum?

Hafið þið komið í musteri eða guðshús? Hvernig leið ykkur þar? Er sá staður helgur í ykkar huga? Hvað eiga flest musteri, kirkjur og moskur sameiginlegt?

## Verkefni

Fáðu börnunum það verkefni að teikna ísraelska fánann og lita. Tilvalið er að láta þau teikna hann á stífan pappa og klippa út. Í lokin mætti þræða fánana upp á band og hengja upp í kennslustofunni.

### Efni

Litir, stífur pappír, skæri, þráður, lím eða hefti

Slóð á mynd af ísraelska fánanum: http://is.wikipedia.org/wiki/%C3%8Dsrael

## Upprifjun

1. Hvað heitir höfuðborg Ísraels? (Jerúsalem)
2. Hvaða konungur gerði Jerúsalem að höfuðborg ríkisins? (Davíð)
3. Hvaða konungur lét reisa fyrsta musteri gyðinga í Jerúsalem? (Salómon)
4. Hvað var Helförin? (Ofsóknir nasista gegn gyðingum í seinni heimstyrjöldinni)
5. Hvað er talið að margir gyðingar hafi verið myrtir af nasistum? (6 milljónir)
6. Hvað hét gyðingastúlkan sem skrifaði dagbók um það þegar hún var í felum fyrir nasistum ásamt fjölskyldu sinni í Amsterdam? (Anna Frank)
7. Hvenær var Ísraelsríki nútímans stofnsett? (1948)

# Kort af Kanaan




**Heimild: Biblíuhandbókin þín. Birt með góðfúslegu leyfi Arnar og Örlygs hf**

# 4 Helgirit

## Bls. 15–20

## Aðalatriði kaflans

- Tenakh, biblía gyðinga.
- Tóra (Mósebækurnar).
- Nevi'im (Spámennirnir).
- Ketuvim (Ritin).
- Dauðahafsritin.
- Rit rabbína fræðimanna.
- Fyrirheitið um Messías.
- Þjóð Guðs.
- Dyggðugt líferni.

## Viðbótarupplýsingar

### Torah

Torah er *hebreska* og þýðir *fræðsla* eða *kenning*. Í íslensku biblíunni er orðið *lögmál* þýðing á hebreska orðinu *torah*, sem orðrétt þýðir fræðsla eða kenning. Það er mikilvægasta ritið í gyðingdómi. Með hugtakinu Torah, eða Tóra eins og við segjum á íslensku, er oftast átt við fyrsta hluta *Tenakh*, það er fyrstu fimm bækur *hebresku biblíunnar.* Hugtakið er stundum notað sem almennt hugtak yfir öll helgirit gyðingdóms og einnig munnlega hefð.

Tóra rollurnar eru geymdar í heilagasta hluta *samkunduhússins*, í Örkinni (*aron kodesh* á hebresku).

Í grísku þýðingu biblíunnar eða Gamla testamentisins frá því á 3. öld f.Kr. er *torah* þýtt með orðinu *nomos* sem þýðir lög eða lögmál og þar af leiðandi er *nomos* notað í Nýja testamentinu. Þegar Biblían var þýdd á latínu var *tora/nomos* þýtt með orðinu *lex*, sem eins og *nomos* þýðir lög eða lögmál.

Stundum tala gyðingar bara um „hina hebresku biblíu".

### Hebreska

Hebreska er *vestur-semískt mál,* náskylt *arameísku* og *arabísku*. Klassísk hebreska er málið sem er á hebresku biblíunni. Nútíma hebreska, *ivrit*, er *opinbert tungumál í Ísrael,* auk arabísku. Hebreska er rituð frá hægri til vinstri með hebreska stafrófinu.

### Messías

Messías er *íslenskun* af *hebreska* orðinu *mashiach* sem þýðir „smurður". Í *gyðingdómi*, var *Messías* („hinn smurði") upphaflega notað um alla sem voru álitnir smurðir (valdir af Guði). Í trúarhefð gyðinga er *Messías* afkomandi *Davíðs* konungs, hann mun endurreisa ríki Davíðs og skapa frið á jörðu. Þeir sem eru *kristnir* álíta *Jesús* vera þennan *Messías* en því trúa gyðingar ekki. Orðið *Kristur* (úr grísku *Khristos*, „hinn smurði") er bókstafleg þýðing á „mashiach".

Í *Gamla testamentinu* er hugtakið *Messías* upphaflega notað um konung Ísraela og æðsta prest. Úr þeim erfiðleikum sem gyðingar lentu í (við fall Norðurríkisins og þrældóminn í Babýlon) skapaðist spá um komandi konung og frelsara. Tími *Messíasar* yrði *Guðs ríki*. Spádómurinn var ekki bundinn einni persónu heldur nýjum tíma, frelsi úr neyð og fullkomnu réttlæti. Spámenn gyðinga sáu margsinnis fyrir komu Messíasar.

(Heimild: *Vikipedia*, frjálsa alfræðiritið)

## Til umhugsunar

Davíðsstjarnan er þekktasta tákn gyðinga. Menorah (sjö arma ljósastjaki) og vínberjaklasi eru einnig tákn Ísraelsríkis. Þekkið þið trúartákn annarra trúarbragða?

*Tákn Ísraels: vínberjaklasi, sjöarma ljósastika og stjarna Davíðs.*



(Heimild: Biblíuhandbókin þín. Birt með góðfúslegu leyfi Arnar og Örlygs)

## Verkefni

Teiknið myndir af ýmsum trúartáknum. Skrifið stuttan skýringartexta við hvert tákn.

## Upprifjun

1. Hvað kallast biblía gyðinga á þeirra máli? (Tenakh)
2. Hvað heitir mikilvægasta helgiritið í hebresku biblíunni? (Tóra eða Mósebækurnar)
3. Nevi'im inniheldur bækur spámannanna sem komu á eftir Móse. Nefndu einn af þessum spámönnum. (t.d Jesaja, Jeremía eða Esekíel)
4. Hvað eru elstu handritin sem til eru af hebresku biblíunni kölluð? (Dauðahafsritin)
5. Hvað er Talmúd? (Túlkanir fræðimanna á helgiritunum)
6. Hver er afstaða gyðinga til Jesú Krists? (Hann var ekki sá Messías sem þeir vænta, því þeir töldu að hann hefði ekki uppfyllt spádómana í ritum þeirra)
7. Hvað heldur þú að átt sé við þegar talað er um að gyðingar eigi að vera „ljós fyrir þjóðirnar?"
8. Nefnið eina af þeim dyggðum sem eiga að einkenna gyðinga svo að þeir geti verið „ljós fyrir þjóðirnar" og „eignarlýður Guðs".
9. Á hvaða hátt getum við hvert og eitt verið „ljós fyrir þjóðirnar?"

# 5 Helgistaðir

## Bls. 22

## Aðalatriði kaflans

- Jerúsalem.
- Musterishæðin.
- Vesturveggurinn (Grátmúrinn).
- Pílagrímar.
- Grafhýsi Davíðs konungs.
- Grafhýsi ættfeðranna Abrahams, Ísaks og Jakobs.
- Gröf Rakelar í Betlehem.
- Davíðsálmarnir.

## Viðbótarupplýsingar

Bænabók gyðinga kallast siddur á hebresku.

## Til umhugsunar

Þegar gyðingar biðjast fyrir við Grátmúrinn eru þeir vanir að skrifa bænir eða óskir á blaðsnepla og troða þeim inn í rifur á veggnum. Hvað mundir þú skrifa á snepilinn ef þú værir gyðingur að biðjast fyrir á þessum stað?

Ef þú ættir eina ósk, hvers mundir þú óska þér?

Musterishæðin í Jerúsalem, þar sem fyrra og seinna musterið stóð, er meðal helgustu staða gyðinga. Getur þú nefnt einhverja helgistaði annarra trúarbragða? Hvað eiga þessir helgistaðir sameiginlegt?

## Verkefni

1. Börnin safna heimildum um pílagrímsferðir fólks af ýmsum trúarbrögðum, þ.á m. gyðinga. Úr þessu má búa til fallegt veggspjald eða bekkjarbók. Hvert barn leggur til a.m.k. eina blaðsíðu í bókina. Börnin myndskreyta verkefnið og einnig má notast við póstkort og ljósmyndir.

2. Nemendur ímynda sér að þeir séu gyðingar sem komnir eru til Jerúsalem úr öðru landi til að heimsækja helgistaði trúarinnar í borginni. Þeir eiga að skrifa póstkort til ættingja sinna í heimalandinu og segja frá upplifuninni. Framan á kortið teikna þeir fallega mynd sem hæfir tilefninu, t.d. mynd af gömlu Jerúsalem.

## Upprifjun

1. Hvaða borg er heilög í augum gyðinga, kristinna manna og múslima? (Jerúsalem)
2. Hvað nefnist helgasti staðurinn innan múra borgarinnar? (Musterishæðin)
3. Hvar koma pílagrímar gyðinga saman til að biðjast fyrir í gamla hluta Jerúsalem? (Við Vesturvegginn sem einnig er kallaður Grátmúrinn)
4. Í hvaða borg er næst helgasti staður gyðinga? (Hebron)
5. Hvaða helgistaður er í þeirri borg? (Grafhýsi ættfeðranna, Abrahams, Ísaks og Jakobs)
6. Í hvaða borg fæddist Davíð konungur? (Betlehem)

# 6 Sýnagógan (samkunduhúsið)

## Bls. 24–28

## Aðalatriði kaflans

- Sýnagógan (samkunduhúsið).
- Rabbínar.
- Bar mitzvah.
- Bat mitzvah.
- Hjónavígsla.
- Jarðarfarir.
- Matarvenjur – kosher matur.

## Viðbótarupplýsingar

### Kosher

Upphaf kosher-reglnanna er að finna í 3. *Mósebók* 11 og 5. *Mósebók* 14.

Kosher bannar meðal annars að nota sömu ílát fyrir kjöt og mjólkurafurðir sem byggist á boði *Guðs* í 5. Mósebók 14:21: „Þú skalt ekki sjóða kið í mjólk móður sinnar“. Þetta túlkast sem að neysla kjöts og mjólkurafurða í sömu máltíð sé einnig bannað. *Skeldýr* og *svín* eru einnig stranglega bönnuð til neyslu og kjöts má einungis neyta ef dýrinu hefur verið slátrað með því að skera það á háls.

**Halal** er *islamskt* hugtak úr *arabísku* yfir það sem er leyfilegt, samsvarandi *kosher* í *Gyðingdómi*.
(Heimild: *Vikipedia*, frjálsa alfræðiritið)

## Sýnagóga

Orðið sýnagóga er komið af *gríska* orðinu *sunagõg*, (samkomustaður). *Hebreska* orðið yfir sýnagógu er *beit knesset*.

Sýnagógan hefur venjulega einn stóran sal fyrir bæn og guðþjónustu. Þar að auki minni herbergi fyrir lestur og nám og félagsmiðstöð. Sumar stærri sýnagógur hafa sérstök herbergi fyrir *Torah-fræði* og það er kallað *beit midrash* (hús fræðimennskunnar).




*1. Inngangur snýr í átt til Jerúsalem.*
*2. Skápur, sem roðlar voru geymdir í.*
*3. Predikunarstóll.*
*4. Sæti öldunganna.*
*5. Svalir fyrir konur og börn.*
*6. Viðbygging með skólastofum og herbergjum fyrir pílagríma.*

(Heimild: *Biblíuhandbókin þín*. Birt með góðfúslegu leyfi Arnar og Örlygs)

## Til umhugsunar

Fyrir framan altarið í flestum sýnagógum er lampi, sem kallast hið eilífa ljós. Ljós skiptir líka miklu máli í helgisiðum annarra trúarbragða. Hverra? (T.d. aðventukransar í kristinni trú og divalí-ljós í hindúatrú)

Örkin í sýnagógunni snýr í áttina að Jerúsalem og þegar gyðingar biðjast fyrir snúa þeir sér til borgarinnar. Þessi siður, að snúa sér til helgasta staðar trúarinnar, er þekkt fyrirbæri í mörgum trúarbrögðum. Getið þið nefnt dæmi um slíkt? (t.d. snúa múslimar sér til Mekku í Arabíu og bahá'íar til Bahjí í Ísrael)

Þegar gyðingur gengur að eiga konu þarf hann að skrifa undir hjónabandsheit þar sem hann lofar því að annast vel um verðandi eiginkonu sína. Hvað finnst ykkur um þennan sið? Haldið þið að þetta ætti alltaf að gera þegar brúðkaup á sér stað? Færið rök fyrir máli ykkar.

Að hvaða leyti eru störf rabbína lík störfum leiðtoga í öðrum trúarbrögðum?

Berið helgisiðinn bar mitzva saman við manndómsvígslur í öðrum trúarbrögðum eða hjá húmanistum (t.d. fermingu kristinna unglinga, borgaralega fermingu hjá Siðmennt og „heilaga þráðinn“ í hindúatrú) Hvað er líkt og hvað ólíkt?

## Verkefni

- **Teikning af sýnagógu að innanverðu**. Sjá síðu 23. Sýndu þeim myndina og bentu á hvert atriði um leið og þú útskýrir hana:

  Þetta er teikning af sýnagógu, samkunduhúsi gyðinga, að innanverðu. Í miðri sýnagógunni á upphækkaðri senu sem kallast *bimah* er stór skápur sem heitir *aron kodesh* eða hin heilaga örk. Í henni eru geymd handrit af Tóra eða Mósebókunum. Tóra handritin eru handskrifuð af mikilli list á dýraskinn. Fyrir ofan örkina er *ner tamid*, hið eilífa ljós sem er tákn fyrir nærveru Guðs. Á vinstri hlið sjáið þið sjöarma ljósastjaka, sem minnir á stjakann sem var í musterinu í Jerúsalem. Ljósastjakinn heitir *menorah* á hebresku. Á senunni er líka predikunarstóll rabbíans og borð þar sem *kantorinn* (söngvarinn) syngur og Tóra handritin eru lesin. Á litla borðinu til hliðar, sem er ekki með númeri, eru tvö kerti svipuð þeim sem loga á *sabbat*, hvíldardeginum.

- Finnið myndir af guðshúsum ýmissa trúarbragða. Klippið myndirnar út og límið þær á maskínupappír. Hengið veggspjaldið upp í kennslustofunni.

Efni:
maskínupappír, skæri, lím, teiknibólur til að hengja myndina upp

## Upprifjun

1. Hvað nefnist bænahús gyðinga? (Sýnagóga eða samkunduhús)
2. Í hverju felst starf rabbína? (Að leiða söfnuðinn, stjórna guðsþjónustum, flytja predikanir, fræða börn og ungmenni og annast helgiathafnir).
3. Hvað er bar mitzvah? (Ferming gyðingadrengja)
4. Hvað fær gyðingadrengurinn að gera í fyrsta sinn þegar hann verður bar mitzvah, sonur lögmálsins? (Að lesa úr Tóra við guðsþjónustu)
5. Hver undirbýr drenginn fyrir bar mitzvah athöfnina? (Rabbíninn)
6. Hvað heitir samsvarandi ferming gyðingastúlkna? (Bat mitzva)
7. Hvers konar skjal þarf brúðguminn að skrifa undir áður en hann gengur að eiga brúði sína? (Skrifa undir hjúskaparheit, þar sem hann lofar því að annast vel um konuna sína)
8. Hvað merkir að matur sé kosher? (Hann er leyfilegur samkvæmt ritningum gyðinga)

## Teikning af sýnagógu að innanverðu

***Sýnagóga (samkunduhús gyðinga) að innanverðu. Fyrir neðan myndina er skrá yfir muni í samkunduhúsinu. Skrifaðu réttan tölustaf við hvert atriði.***




____ *Bekkir fyrir söfnuðinn*

____ *Ljósastjaki (meonorah)*

____ *Eilífa ljósið (Ner Tamid)*

____ *Tóra handrit*

____ *Sæti rabbínans og kantorsins*

____ *Örkin*

____ *Boðorðin tíu*

____ *Upphækkuð sena (bimah)*

____ *Predikunarstóll rabbínans*

____ *Borð þar sem rabbíninn og kantorinn lesa úr helgiritunum*

# 7 Heimilið

## Bls. 29–31

## Aðalatriði kaflans

- Shema bænin.
- Borðbænir.
- Mezuzah.
- Bænasjalið.
- Kollhúfan (kippah).
- Leðuról á hendi, hylki á hendi og enni.
- Bænabók gyðinga (siddur).
- Hvíldardagurinn (sabbat).

## Viðbótarupplýsingar

Shema bænin er þannig á hebresku:

„Sh'ma Yisrael Adonaj Elohenú Adonaj Echad"
„Heyr, Ísrael, Drottinn, vor Guð, er einn Drottinn!"
(5. Mósebók 6:4)

Heimild: http://www.zion.is/saga.htm

## Til umhugsunar

Berðu saman hvíldardag gyðinga og sambærilega daga í öðrum trúarbrögðum. (Í islam gegna föstudagar svipuðu hlutverki. Þá er komið saman í moskunum og fluttar predikanir. Kristnir menn sækja messur á sunnudögum.)

Bænir gegna mikilvægu hlutverki í öllum trúarbrögðum. Nefndu dæmi um það.

Þegar gyðingar biðjast fyrir róa þeir fram í gráðið og sveifla höfðinu fram og aftur. Getur þú nefnt dæmi um hvernig fólk af öðrum trúarbrögðum biðst fyrir? (kristnir menn leggja lófa saman og beina þeim til lofts, múslimar, bahá'íar og síkhar lúta til jarðar, hindúar og búddhatrúarmenn sitja með krosslagða fætur og loka augunum.)

Hvers vegna heldur þú að fólk fari með bænir?

Trúaðir gyðingar koma saman í hverri viku til að borða saman máltíð við upphaf hvíldardagsins. Þekkir þú svipaða siði úr öðrum trúarbrögðum? (t.d. jólamáltíð kristinna manna, 19 daga hátíð bahá'ía.)

Karlmenn meðal gyðinga, og sumar konur, eru með litla kollhúfu á höfðinu við guðsþjónustur og oft breiða þeir bænasjal yfir sig meðan á bænum stendur. Innan trúarbragða mannkyns eru ýmsar venjur og siðir um hvernig fólk á að haga sér og klæða sig við guðsþjónustur. Getur þú nefnt einhver dæmi um það?

## Verkefni

Fáðu börnunum það verkefni að skrifa shema bænina, sem er á bls. 29 í kennslubókinni og skreyta blaðsíðuna eða borðbænina á bls. 30.

Börnin fletta upp í Biblíunni (Gamla testamentinu) og leita að versum eða setningum sem þeim finnst áhugaverðar. Þau skrifa nokkrar þessara setningar í stílabók og skreyta. Orðskviðir Salómons og Davíðssálmarnir eru hentugir í þessu sambandi.

Börnin semja bæn eða fróma ósk frá eigin brjósti og myndskreyta.

Börnin kynna sér siði varðandi bænagjörð hjá fylgjendum ýmissa trúarbragða. Klippa út myndir eða teikna og safna saman á veggspjald. Hvað er líkt og hvað er ólíkt?

## Upprifjun

1. Segðu stuttlega frá dæmigerðu heimilislífi trúaðra gyðinga.
2. Hvað heitir mikilvægasta bæn gyðinga? (Shema bænin)
3. Af hverju hengja gyðingar lítil helgiskrín, svonefnd Mezuzah, á dyrakarmana á öllum herbergjum hússins? (Vegna þess að það er fyrirmæli um þetta í Tóra)
4. Hvers vegna eru gyðingar með litla kollhúfu á höfðinu við guðsþjónustur? (Til merkis um auðmýkt sína gagnvart Guði)
5. Við guðsþjónustur vefja karlmenn leðuról um höndina og festa hylki á hönd og enni. Hvað á þessi siður að minna þá á? (Að halda sáttmála Guðs)
6. Hvað er siddur? (Bænabók gyðinga)
7. Gyðingar halda hvíldardaginn heilagan í hverri viku. Hvað heitir hvíldardagurinn á hebresku? (Sabbat)
8. Hver er tilgangurinn með hvíldardeginum? (Að taka sér hvíld frá störfum og minnast Guðs.)

# 8 MERKISDAGAR ÁRSINS

## Bls. 32–38

### Aðalatriði kaflans

- Dagatalið.
- Áramót.
- Mánuðir ársins.
- Rosh hashanah (nýársdagur).
- Jom kippur (friðþægingardagurinn).
- Shavuot (viknahátíðin).
- Sukkot (laufskálahátíðin).
- Hanukkah (ljósahátíðin).
- Púrím.
- Pesach (páskar).
- Páskamáltíðin (seder).

Þetta er lengsti kafli bókarinnar og líklega hentar að skipta honum í tvær kennslustundir.

### Viðbótarupplýsingar

#### Umskurn

Drengir eru umskornir á 8. degi eftir fæðingu og gefur þá faðirinn drengnum nafn samkvæmt hefðinni. Fresta má umskurði ef heilsa barnsins leyfir hann ekki. Stúlkubörnum er gefið nafn strax við fæðingu. Gyðingar skíra ekki börn sín.

Ekki er fjallað um umskurn í kennsluheftinu, vegna þess að þetta er siður sem gæti vakið óhug hjá börnum. Hins vegar er þetta mikilvægur þáttur í lífi allra gyðingadrengja og því má færa fyrir því rök að rétt sé að minnast á siðinn.

#### Rosh hasanah

Í kennslubókinni á bls. 33 er sagt frá því að Abraham hafi fórnað hrúti í stað sonar síns. Hér er sneitt hjá því að segja hvað sonurinn hét, vegna þess að þetta atriði er umdeilt. Í Biblíunni segir að það hafi verið Ísak en í ritum múslima er því haldið fram að það hafi verið elsti sonur hans, Ísmael, sem arabar rekja ættir sínar til. Þetta er viðkvæmt mál fyrir múslima og því tel ég að kennarinn ætti að láta hjá líða að nefna nafn sonarins – enda væri hann þá að taka trúarlega afstöðu.

#### Páskahátíðin

Páskarnir eru að flestra áliti aðalhátíð gyðinga.

Sögu páskanna má rekja langt aftur fyrir daga Krists, og raunar aftur fyrir gyðingdóminn sem sjálfstæð þróuð trúarbrögð, eða aftur til daga hinna fornu Hebrea eða Ísraelsmanna. Hebrearnir voru hirðingjaþjóð og hátíðarhald þeirra hefur án efa tengst

atvinnu- og þjóðháttum líkt og algengt er með forna þjóðflokka. Líkur eru til að meðal þeirra hafi verið bannað að slátra sauðfé þegar sauðburður nálgaðist að vori (mars-apríl hjá okkur). Þegar burðurinn var um garð genginn hefur aftur á móti verið efnt til nokkurs konar uppskeru- eða afurðahátíðar þar sem nýmetis var neytt og ugglaust brugðið á leik í dansleikum af ýmsu tagi. Hátíðin bar heiti sem kalla mætti *pesah* eða *pesach* og má þýða sem hlaup, stökk, hökt og gæti það vísað til leikanna. Í 12. kap. 2. Mósebókar má hins vegar lesa um upphaf páskanna eins og gyðingar túlkuðu hátíðina. Þar tengist hún útförinni af Egyptalandi (Exodus) er Móse leiddi Ísraelsmenn út úr ánauðinni hjá faraó, gegnum Rauðahafið og eyðimörkina í átt til hins fyrirheitna lands. Þetta voru frásagnir sem lögðu grunninn að sjálfsmynd Ísralesþjóðarinnar og síðar gyðinga og hafa því svipaða stöðu og sagnir íslenskra fornrita af landnámi, stofnun Alþingis og kristnitökunni. Þarna segir meðal annars:

> „Þá mælti Drottinn við þá Móse og Aron í Egyptalandi á þessa leið: ... Á tíunda degi þessa mánaðar skal hver húsbóndi taka lamb fyrir fjölskyldu sína, eitt lamb fyrir hvert heimili ... Lambið skal vera gallalaust, hrútlamb veturgamalt, og má vera hvort sem vill ásauðarlamb eða hafurkið. Og þér skuluð varðveita það til hins fjórtánda dags þessa mánaðar. Þá skal öll samkoma Ísraelssafnaðar slátra því um sólsetur. Þá skuluð þér taka nokkuð af blóðinu og rjóða því á báða dyrastafi og dyratré húsa þeirra, þar sem þeir eta lambið ... Þér skuluð vera gyrtir um lendar yðar, hafa skó á fótum og staf í höndum. Þér skuluð eta það í flýti. Það eru páskar Drottins. Því þessa sömu nótt vil ég fara um Egyptaland og deyða alla frumburði í Egyptalandi bæði menn og fénað ... Og blóðið skal vera yður tákn á þeim húsum, þar sem þér eruð: Er ég sé blóðið, mun ég ganga fram hjá yður, og engin skæð plága skal yfir yður koma, þegar ég slæ Egyptaland.“
> Í ljósi þessa texta hefur orðið *pesah* (páskar) verið þýtt sem „framhjáganga“ og látið vísa til þess að Drottinn hafði heitið að „ganga fram hjá dyrunum og ekki láta eyðandann koma í húsið til að ljósta“ þá er roðið höfðu blóði á dyrastafi sína.

## Til umhugsunar

Ef þú værir gyðingabarn, til hvaða hátíðar mundir þú hlakka mest? Hvers vegna?

Á hvaða hátt líkist hanukkah hátíðum annarra trúarbragða?

## Verkefni

1. Páskar: Sedar diskur og páskamaturinn. Sjá bls. 29 og 30.
2. Hanukkah: Dreidel-spilið. Sjá bls. 31.
3. Hanukkah: Einfaldur stjaki. Sjá bls. 32.
4. Hanukkah: Latkes kökur. Sjá bls. 33.

## Upprifjun

1. Nefndu tvær af hátíðum gyðinga.
2. Hvað er gert á rosh hashanah til að minnast þess að Abraham fórnaði hrúti í stað sonar síns? (Blásið í hrútshorn)
3. Hvað þýðir orðið friðþæging? (Að bæta fyrir)
4. Hvað heitir helgasti dagur ársins (Jom kippur eða friðþægingardagurinn)
5. Hvað gera fjölskyldur sér til gamans á nýárshátíðinni? Sá siður á að gefa fyrirheit um að árið framundan verði árangursríkt og ánægjulegt. (Borða eplabita sem dýft er í hunang)
6. Hvers er minnst á Shavuot, viknahátíðinni? (Þegar Guð lét Móse hafa boðorðin tíu á Sínaífjalli)
7. Hvað eiga laufskálarnir sem gyðingar útbúa á laufskálahátíðinni að minna á? (Laufskálana sem gyðingar notuðu í eyðimörkinni á leiðinni til fyrirheitna landsins)
8. Hvernig halda fjölskyldur gyðinga upp á Hanukkah? (Kveikja á ljósastjaka, börnin fá gjafir og dreidelspilið er leikið)
9. Á púrímhátíðinni er lesin frásögn úr Esterarbók. Hvað gera börn og foreldrar þegar minnst er á hinn vonda Haman í frásögninni? (Snúa hrossabrestum til að láta í ljós andúð sína á honum)
10. Hvað er sedarmáltíðin á páskum táknræn fyrir? (Þjáningar Ísraelsmanna í Egyptalandi til forna)
11. Hvers vegna borða gyðingar aðeins ósýrt brauð á páskum? (Til að minnast þess að gyðingar höfðu ekki tíma til að láta brauðið lyfta sér þegar þeir yfirgáfu Egyptaland í miklum flýti)

Nafn: ____________________

# Sedar diskur



# Táknrænn páskamatur

4. Þetta er tákn um byggingarefnið sem þrælarnir notuðu.

2. Þetta er tákn um hryggð þrælanna og missi.

6. Þetta er flatt því þrælarnir þurftu að fara áður en búið var að baka það að fullu.

3. Þetta er tákn um um biturleika þrældómsins.

5. Þessu er dýft í saltvatn til að minnast tára þrælanna.











# Dreidel-spilið

Dreidel-spilið er vinsæl fjölskylduskemmtun á hanukkah hátíðinni (ljósahátíðinni).

Búðu til Dreidel-spil og spilaðu það við bekkjarfélagana.

**Efni:** Stífur pappír, skæri, lím, blýantsstubbur, eldspýtur (eða hnappar, hnetur eða sælgætismolar).

**Svona býrðu spilið til:**

1. Klipptu sniðið út eftir feitletruðu línunum.
2. Sveigðu pappírinn eftir innri línunum og límdu þá saman þannig að sniðið verði kassalaga.
3. Búðu til göt þar sem litlu hringirnir eru ofan og neðan á kassanum og stingdu stuttum blýanti í gegn. Snúðu dreidelnum með því að snúa blýantinum.

**Leikreglur:** Á hverri hlið er hebreskur stafur; nun, gimmel, hay eða shin. Þessir fjórir stafir tákna hebresk orð sem þýða: „mikið kraftaverk gerðist þar.“ Leikendur sitja í hring. Hver leikmaður fær jafnmarga „spilapeninga“ (eldspýtur eða hnappa) og setur fimm „peninga“ úr sinni hrúgu í miðjuna. Allir skiptast á að snúa dreidelnum. þegar dreidelinn stöðvast segir stafurinn ofan á honum hvað leikmaðurinn á að gera. Þeir sem tapa öllum spilapeningunum sínum eru úr leik. Sá vinnur sem einn á eftir spilapeninga.

**Snið fyrir dreidel**




**nun = Gerðu ekkert**
**gimmel = Taktu hrúguna í miðjunni**
**hay = Taktu helminginn af hrúgunni í miðjunni**
**shin = Settu helminginn af spilapeningunum þínum í hrúguna.**

# Hanukkah ljósastjaki

## Efni:

Einn langur viðarbútur og einn stuttur
9 tappar úr málmi
Lím eða teiknibólur til að festa tappana
Silfur eða gull málning eða úðabrúsi
Kerti í mismunandi litum, t.d. kerti sem notuð eru í afmælum



## Aðferð:

Setjið hlutina saman eins og myndin sýnir. Græna kertið á myndinni er „þjónustukerti", fyrst er kveikt á því og það er síðan notað til að kveikja á hinum kertunum. Það er venjulega aðeins hærra en hin kertin (eins og sést á myndinni) eða fyrir framan þau.

## Latkes kökur

Latkes er hefðbundin matur meðal gyðinga, sem er vinsæll á hanukkah-hátíðinni og einnig á öðrum árstíma. Latkes eru stökkar, brúnar kartöflupönnukökur. Þær eru steiktar í olíu. Hér er uppskrift af latkes. Gætið ykkar á heitri olíunni!

### Hráefni:



4 stórar kartöflur
1 teskeið (5 ml) salt
2 egg
3 matskeiðar (45 ml) hveiti
½ teskeið (3 ml) af lyftidufti
jurtaolía til að steikja með
eplamauk eða sýrður rjómi

### Matreiðslan:

1. Þvoið, skrælið og rífið kartöflurnar. Láta vatnið renna af.
2. Þeytið eggin.
3. Blandið öllu saman, nema olíunni.
4. Hitið olíuna á pönnu. (Gætið ykkar á heitri olíunni)
5. Notið matskeið til að setja blönduna í hæfilegum skömmtum í heita olíuna.
6. Steikið latkes pönnukökurnar báðum megin þar til þær eru brúnaðar.
7. Þurrkið latkes kökurnar á pappír, sem rifinn er af eldhúsrúllu.
8. Berið latkes kökurnar fram með eplamauki eða sýrðum rjóma sem meðlæti.

### Eldhúsáhöld:

- hnífur til að skræla kartöflurnar
- rifjárn
- eldhúsrúlla
- þeytari
- panna
- skál
- skeið
- spaði
- diskar og gaflar

# HEIMILDIR FYRIR NEMENDUR

## 1. Gyðingdómur – yfirlit

*Alfræði unga fólksins.* 1994. Örn og Örlygur, Reykjavík.

Carter, Ron. *Þróun siðmenningar.* Reykjavík, Örn og Örlygur, 1979.

Hager, Bengt Ake. *Samferða um söguna. Mannkynssaga fyrir efri bekki grunnskóla.* 1993. Mál og menning, Reykjavík.

Heimsbyggðin. *Saga mannkyns frá öndverðu til 1850.* Terje Emblem o.fl. 1995. MM, Reykjavík.

*Heimssöguatlas Iðunnar.* 1996. Iðunn, Reykjavík.

*Helstu trúarbrögð heims.* 1962. Almenna bókafélagið, Reykjavík. bls. 208: myndir, kort.

Sundemo, Herbert: *Biblíuhandbókin þín.* 1974. ÖÖ, Reykjavík.

Saga mannkyns, 2.bindi. *Samfélög hámenningar í mótun.* Rudi Thomsen (Ritröð AB).

Söguatlas. *Mannkynssaga í máli og myndum.* 1992. Námsgagnastofnun, Reykjavík.

Veraldarsaga Fjölva. *Saga mannkyns frá steinöld til geimaldar.* 2. bindi. *Upphaf menningar við fljótin.* Fjölvi [án árs]. Reykjavík.

## 2. Móse

Carter, Ron. *Þróun siðmenningar.* 1979. Örn og Örlygur, Reykjavík.

Hager, Bengt Ake. *Samferða um söguna. Mannkynssaga fyrir efri bekki grunnskóla.* 1993. Mál og menning, Reykjavík.

Heimsbyggðin. *Saga mannkyns frá öndverðu til 1850.* Terje Emblem o.fl. 1995. Mál og menning, Reykjavík.

*Heimssöguatlas Iðunnar*. 1996. Iðunn, Reykjavík.

*Helstu trúarbrögð heims.* 1962. Almenna bókafélagið, Reykjavík. bls. 208: myndir, kort.

Saga mannkyns, 2. bindi. *Samfélög hámenningar í mótun.* Rudi Thomsen (Ritröð AB).

Sundemo, Herbert. *Biblíuhandbókin þín.* 1974. ÖÖ, Reykjavík.

Söguatlas: *Mannkynssaga í máli og myndum.* 1992. Námsgagnastofnun, Reykjavík.

Veraldarsaga Fjölva. *Saga mannkyns frá steinöld til geimaldar.* 2. bindi. *Upphaf menningar við fljótin.* Fjölvi [án árs]. Reykjavík.

## 3. Borgin helga: Jerúsalem

Carter, Ron. *Þróun siðmenningar.* Reykjavík, Örn og Örlygur, 1979.

Hager, Bengt Ake. *Samferða um söguna: Mannkynssaga fyrir efri bekki grunnskóla.* 1993. Mál og menning, Reykjvík.

*Heimsbyggðin. Saga mannkyns frá öndverðu til 1850.* Terje Emblem o.fl. 1995. Mál og menning, Reykjavík.

*Heimssöguatlas Iðunnar.* 1996. Iðunn, Reykjavík.

*Helstu trúarbrögð heims.* 1962. Almenna bókafélagið, Reykjavík. bls. 208: myndir, kort.

Saga mannkyns, 2.bindi: *Samfélög hámenningar í mótun.* Rudi Thomsen (Ritröð AB).

Sundemo, Herbert. *Biblíuhandbókin þín.* 1974. ÖÖ, Reykjavík.

Söguatlas: *Mannkynssaga í máli og myndum.* 1992. Námsgagnastofnun, Reykjavík.

*Saga mannkyns frá steinöld til geimaldar.* 2. bindi. *Upphaf menningar við fljótin.* Fjölvi [án árs]. Reykjavík.

## 4. Forn saga hebrea og gyðinga

Carter, Ron. *Þróun siðmenningar.* 1979. Örn og Örlygur, Reykjavík.

Hager, Bengt Ake. *Samferða um söguna: Mannkynssaga fyrir efri bekki grunnskóla.* 1993. Mál og menning, Reykjvík.

Heimsbyggðin. *Saga mannkyns frá öndverðu til 1850.* Terje Emblem o.fl. 1995. Mál og menning, Reykjavík.

*Heimssöguatlas Iðunnar.* 1996. Iðunn, Reykjavík.

*Helstu trúarbrögð heims.* 1962. Almenna bókafélagið, Reykjavík. Bls. 208: myndir, kort.

Mannkynssaga B.S.E.

Saga mannkyns, 2.bindi. *Samfélög hámenningar í mótun.* Rudi Thomsen (Ritröð AB).

Sundemo, Herbert. *Biblíuhandbókin þín.* 1974. ÖÖ, Reykjavík.

Söguatlas. *Mannkynssaga í máli og myndum.* 1992. Námsgagnastofnun, Reykjavík. (Góð kort)

Veraldarsaga Fjölva. *Saga mannkyns frá steinöld til geimaldar.* 3. bindi. Fjölvi [án árs]. Reykjavík.

## 5. Ísraelsríki hið forna

*Alfræði unga fólksins.* Reykjvík, Örn og Örlygur, 1994.

Carter, Ron. *Þróun siðmenningar.* 1979. Örn og Örlygur, Reykjavík.

Hager, Bengt Ake. *Samferða um söguna: Mannkynssaga fyrir efri bekki grunnskóla.* 1993. Mál og menning, Reykjvík.

Heimsbyggðin. *Saga mannkyns frá öndverðu til 1850.* Terje Emblem o.fl. 1995. Mál og menning, Reykjavík.

*Heimssöguatlas Iðunnar.* 1996. Iðunn, Reykjavík.

Saga mannkyns; *Frá frummanni til fyrstu siðmenningar.* 1. bindi. Randi og Gunnar Haland. 1988. Almenna Bókafélagið, (Ritröð AB), Reykjavík.

Saga mannkyns, 2.bindi. *Samfélög hámenningar í mótun.* Rudi Thomsen. (Ritröð AB)

Sundemo, Herbert. *Biblíuhandbókin þín.* 1974. ÖÖ, Reykjavík.

Söguatlas. *Mannkynssaga í máli og myndum.* 1992. Námsgagnastofnun, Reykjavík.

Veraldarsaga Fjölva. *Saga mannkyns frá steinöld til geimaldar.* 3. bindi. Fjölvi [án árs]. Reykjavík.

## 6. Helgirit gyðinga

*Alfræði unga fólksins.* 1994. Örn og Örlygur, Reykjvík.

Carter, Ron. *Þróun siðmenningar. 1979.* Örn og Örlygur, Reykjavík.

Hager, Bengt Ake. *Samferða um söguna: Mannkynssaga fyrir efri bekki grunnskóla.* 1993. Mál og menning, Reykjvík.

Heimsbyggðin. *Saga mannkyns frá öndverðu til 1850.* Terje Emblem o.fl. 1995. Mál og menning, Reykjavík.

*Heimssöguatlas Iðunnar.* 1996. Iðunn, Reykjavík.

Saga mannkyns, 2. bindi. *Samfélög hámenningar í mótun.* Rudi Thomsen (Ritröð AB).

Sundemo, Herbert. *Biblíuhandbókin þín.* 1974. ÖÖ, Reykjavík.

Söguatlas. *Mannkynssaga í máli og myndum.* 1992. Námsgagnastofnun, Reykjavík.

Veraldarsaga Fjölva. *Saga mannkyns frá steinöld til geimaldar.* 2. bindi. *Upphaf menningar við fljótin.* Fjölvi [án árs]. Reykjavík.

## 7. Samfélagslíf gyðinga

Carter, Ron. *Þróun siðmenningar. 1979.* Örn og Örlygur, Reykjavík.

Hager, Bengt Ake. *Samferða um söguna: Mannkynssaga fyrir efri bekki grunnskóla.* 1993. Mál og menning, Reykjvík.

Heimsbyggðin. *Saga mannkyns frá öndverðu til 1850.* Terje Emblem o.fl. 1995. Mál og menning, Reykjavík.

*Heimssöguatlas Iðunnar.* 1996. Iðunn, Reykjavík.

Saga mannkyns, 2.bindi. *Samfélög hámenningar í mótun.* Rudi Thomsen (Ritröð AB).

Sundemo, Herbert. *Biblíuhandbókin þín.* 1974. ÖÖ, Reykjavík.

Söguatlas. *Mannkynssaga í máli og myndum.* 1992. Námsgagnastofnun, Reykjavík.

Veraldarsaga Fjölva. *Saga mannkyns frá steinöld til geimaldar.* 2. bindi. *Upphaf menningar við fljótin.* Fjölvi [án árs]. Reykjavík.

## 8. Helgirit gyðinga

Carter, Ron. *Þróun siðmenningar.* 1979. Örn og Örlygur, Reykjavík.

Hager, Bengt Ake. *Samferða um söguna: Mannkynssaga fyrir efri bekki grunnskóla.* 1993. Mál og menning, Reykjvík.

Heimsbyggðin. *Saga mannkyns frá öndverðu til 1850.* Terje Emblem o.fl. 1995. Mál og menning, Reykjavík.

*Heimssöguatlas Iðunnar.* 1996. Iðunn, Reykjavík.

Saga mannkyns. *Frá frummanni til fyrstu siðmenningar.* 1. bindi. Randi og Gunnar Haland. 1988. Almenna Bókafélagið, (Ritröð AB). Reykjavík.

Saga mannkyns, 2. bindi. *Samfélög hámenningar í mótun.* Rudi Thomsen (Ritröð AB).

Sundemo, Herbert. *Biblíuhandbókin þín.* 1974. ÖÖ, Reykjavík.

Söguatlas. *Mannkynssaga í máli og myndum.* 1992. Námsgagnastofnun, Reykjavík.

Veraldarsaga Fjölva. *Saga mannkyns frá steinöld til geimaldar.* 2. bindi: *Upphaf menningar við fljótin.* Fjölvi [án árs]. Reykjavík.

## 9. Fyrirheitna landið

Carter, Ron. *Þróun siðmenningar.* 1979. Örn og Örlygur, Reykjavík.

Hager, Bengt Ake. *Samferða um söguna: Mannkynssaga fyrir efri bekki grunnskóla.* 1993. Mál og menning, Reykjvík.

Heimsbyggðin. *Saga mannkyns frá öndverðu til 1850.* Terje Emblem o.fl. 1995. Mál og menning, Reykjavík.

*Heimssöguatlas Iðunnar.* 1996. Iðunn, Reykjavík.

Saga mannkyns, 2. bindi. *Samfélög hámenningar í mótun.* Rudi Thomsen (Ritröð AB).

Sundemo, Herbert. *Biblíuhandbókin þín.* 1974. ÖÖ, Reykjavík.

Söguatlas. *Mannkynssaga í máli og myndum.* 1992. Námsgagnastofnun, Reykjavík.

Veraldarsaga Fjölva. *Saga mannkyns frá steinöld til geimaldar.* 2. bindi: *Upphaf menningar við fljótin.* Fjölvi [án árs]. Reykjavík.

## 10. Gyðingaofsóknir

*Alfræði unga fólksins.* 1994. Örn og Örlygur, Reykjvík.

Árni Hermannsson. Íslands- og mannkynssaga NBI. *Frá upphafi til upplýsingar.* 2001. Nýja Bókafélagið, Reykjvík.

Carter, Ron. *Þróun siðmenningar.* 1979. Örn og Örlygur, Reykjavík.

*Frank, Anne. Dagbók Önnu Frank. 1983. Iðunn, Reykjavík.

Hager, Bengt Ake. *Samferða um söguna: Mannkynssaga fyrir efri bekki grunnskóla.* 1993. Mál og menning, Reykjavík.

Heimsbyggðin. *Saga mannkyns frá öndverðu til 1850.* Terje Emblem o.fl. 1995. Mál og menning, Reykjavík.

*Heimssöguatlas Iðunnar.* 1996. Iðunn, Reykjavík.

Saga mannkyns, 2. bindi. *Samfélög hámenningar í mótun.* Rudi Thomsen (Ritröð AB).

Söguatlas. *Mannkynssaga í máli og myndum.* 1992. Námsgagnastofnun, Reykjavík.

Veraldarsaga Fjölva. *Saga mannkyns frá steinöld til geimaldar.* 2. bindi: *Upphaf menningar við fljótin.* Fjölvi [án árs]. Reykjavík.

## 11. Ísraelsríki nútímans

Carter, Ron. *Þróun siðmenningar.* 1979. Örn og Örlygur, Reykjavík.

Hager, Bengt Ake. *Samferða um söguna: Mannkynssaga fyrir efri bekki grunnskóla.* 1993. Mál og menning, Reykjvík.

Heimsbyggðin. *Saga mannkyns frá öndverðu til 1850.* Terje Emblem o.fl. 1995. Mál og menning, Reykjavík.

*Heimssöguatlas Iðunnar*. 1996. Iðunn, Reykjavík.

Saga mannkyns, 2. bindi. *Samfélög hámenningar í mótun.* Rudi Thomsen (Ritröð AB).

Söguatlas. *Mannkynssaga í máli og myndum. 1992.* Námsgagnastofnun, Reykjavík.

Veraldarsaga Fjölva. *Saga mannkyns frá steinöld til geimaldar.* 2. bindi: *Upphaf menningar við fljótin.* Fjölvi [án árs]. Reykjavík.

## 12. Hvíldardagurinn

Carter, Ron. *Þróun siðmenningar.* 1979. Örn og Örlygur, Reykjavík.

Hager, Bengt Ake. *Samferða um söguna: Mannkynssaga fyrir efri bekki grunnskóla.* 1993. Mál og menning, Reykjavík.

Heimsbyggðin. *Saga mannkyns frá öndverðu til 1850.* Terje Emblem o.fl. 1995. Mál og menning, Reykjavík.

*Heimssöguatlas Iðunnar.* 1996. Iðunn, Reykjavík.

Saga mannkyns, 2. bindi. *Samfélög hámenningar í mótun.* Rudi Thomsen (Ritröð AB).

Sundemo, Herbert. *Biblíuhandbókin þín.* 1974. ÖÖ, Reykjavík.

Söguatlas. *Mannkynssaga í máli og myndum.* 1992. Námsgagnastofnun, Reykjavík.

Veraldarsaga Fjölva. *Saga mannkyns frá steinöld til geimaldar.* 2. bindi: *Upphaf menningar við fljótin.* Fjölvi [án árs]. Reykjavík.

## 13. Páskahátíðin

Carter, Ron. *Þróun siðmenningar.* 1979. Örn og Örlygur, Reykjavík.

Hager, Bengt Ake. *Samferða um söguna: Mannkynssaga fyrir efri bekki grunnskóla.* 1993. Mál og menning, Reykjvík.

Heimsbyggðin. *Saga mannkyns frá öndverðu til 1850.* Terje Emblem o.fl. 1995. Mál og menning, Reykjavík.

*Heimssöguatlas Iðunnar.* 1996. Iðunn, Reykjavík.

Saga mannkyns, 2. bindi. *Samfélög hámenningar í mótun.* Rudi Thomsen (Ritröð AB).

Sundemo, Herbert. *Biblíuhandbókin þín.* 1974. ÖÖ, Reykjavík.

Söguatlas. *Mannkynssaga í máli og myndum.* 1992. Námsgagnastofnun, Reykjavík.

Veraldarsaga Fjölva. *Saga mannkyns frá steinöld til geimaldar.* 2. bindi: *Upphaf menningar við fljótin.* Fjölvi [án árs]. Reykjavík.

# HEIMILDIR FYRIR NEMENDUR UM GYÐINGDÓM ÚT FRÁ KRISTNU SJÓNARHORNI

*Eftirfarandi heimildir veita fróðleik um gyðingdóm. Hængurinn er sá að þær eru allar skrifaðar út frá kristnum sjónarhóli sem dregur úr gildi þeirra fyrir almenna trúarbragðafræðslu. Hins vegar er skortur á heimildum fyrir börn um gyðingdóm á íslensku. Þess vegna er einnig bent á þessar bækur. Þessar bækur eru ekki hefðbundin heimildarit heldur sögur og siðaboðskapur og þær eru ekki hlutlausar. Kennarinn ætti því að nota ritin með varfærni.*

Anderson, Karin. *Barnabiblía*, 1997. Skálholtsútgáfan, Reykjavík. bls. 271, myndir, kort.
*Barnabiblían.* 1994. Skálholtsútgáfan, Reykjavík. bls. 256, myndir, 22 sm.
De Graaf, Anne [Akureyri] ; [Mosfellsbær] : Tindur, [2006], bls. 399, myndir.
Myndskreytt Biblía Fjölva. 1981. Fjölvi, Reykjavík. bls. 520, myndir.
Watt, Murray: *Myndskreytt biblía fyrir börn og fullorðna*. 2004. Skálholtsútgáfan, bls. 352.

Þjóð Guðs. Sögur úr Gamla testamentinu. 1997. Mál og menning, 120 bls.
Fallega myndskreytt bók sem ætti að höfða til barna. Ekki skrifuð sem hefðbundið fræðirit en samanstendur af þekktum sögum úr biblíu gyðinga. Hér er t.d. að finna söguna um Ester.

# Heimildir fyrir kennarann

Heimildir sem mælt er sérstaklega með eru merktar með stjörnu: *

## Kvikmyndir

Abraham Time Life, 2004. 1 mynddiskur (DVD) (180 mín.). Leyfð öllum aldurshópum – enskt tal enginn texti. Í sama flokki eru þessir titlar: **Moses, David, Joseph, *Samson and Delilah.*** Gallinn er sá að þeir diskar eru bannaðir fyrir börn innan 12 ára. Kennarinn ætti hins vegar að geta notað valda kafla úr myndunum. Annað vandamál er að þessar myndir eru ekki með íslensku tali eða texta. Þetta eru DVD diskar, ekki myndbönd. Diskana er hægt að fá að láni hjá Bókasafni Kópavogs.

*Davíð og Golíat, Jósúa og orrustan um Jeríkó.* Myndbandasafnið, (60 mín.) Íslenskt tal.

**Gyðingdómur.* 2005. Kvikmyndagerðin Terra, (20 mín.). Framleidd fyrir Námsgagnastofnun. Þessi mynd var gefin út samhliða kennslubókinni og fjallar um sömu efnisatriði. Hún ætti því að koma að góðum notum í kennslunni.

*Sagan af Móses.* Hafnarfjörður, Myndform, 1999. Myndband (um 60 mín.)

*The Diary of Anne Frank*. 1987. Myndband (151 mín.) sv./hv. Byggt á dagbók Önnu Frank, gyðinga-stúlku sem var í felum í Amsterdam ásamt fjölskyldu sinni vegna ofsókna nasista. Með ensku tali.

*Örkin hans Nóa,* Daníel í ljónagryfjunni. 1991. Reykjavík. Myndbandasafnið, Myndband (60 mín.)

## Tónlist

*Skólakór Kársness. *Barnagælur* [1998]. Geisladiskur (63.33 mín.) og bæklingur með textum. Eitt af lögunum á diskinum er ísraelskt þjóðlag sem heitir Syngjum lítið lag.

## Bækur um gyðingdóm

Christie-Murray, David. *Sögur úr Biblíunni í myndum og máli.* 1980. Iðunn, Reykjavík. 256 bls. Stórar, fallegar og vandaðar myndir, bæði málaðar og ljósmyndir.

D'Aponte, Paola. *Fornmenning og frægar þjóðir.* 2001. Skjaldborg, Reykjavík. 52 bls. Myndir. Uppflettiorð. Gyðingdómur.

Fernández-Armesto, Felipe. *Hugmyndir sem breyttu heiminum*. 2004. Almenna bókafélagið, [Reykja-vík]. Myndir.

Gunnar J. Gunnarsson. Maðurinn og trúin. 1995. Námsgagnastofnun, Reykjavík.

Þessi bók er notuð til kennslu um trúarbrögðin í efri bekkjum grunnskólans.

John, Robert St. *Ísrael.* 1963. Almenna bókafélagið, Reykjavík. 160 bls. myndir, kort Ritröð: Lönd og þjóðir.

Magnusson, Magnus. *Á söguslóðum Biblíunnar.* 1985. Örn og Örlygur, [Reykjavík]. 239 bls., myndir, kort, teikningar.

Rögnvaldur Finnbogason. *Hvað er þá maðurinn?* 2002. JPV útgáfa, Reykjavík. 222 bls.

*Sundemo, Herbert. *Biblíuhandbókin þín*. 1974. ÖÖ, Reykjavík.

Þessi bók er ófáanleg hjá útgefanda en víða til á söfnum. Hún er sérstaklega gagnleg, ekki síst vegna þeirra fjölmörgu skýringarmynda sem prýða hana.

*Trúarbrögð heimsins í mynd og máli*. 1999. Mál og menning, Reykjavík. 288 bls. myndir, kort, töflur.
Þórhallur Heimisson. *Hin mörgu andlit trúarbragðanna*. 2005. Salka, Reykjavík. 242 bls.

## Bækur um gyðingdóm á ensku

Barratt, Margaret. *The seventh day is Shabbat.* Oxford. Heinemann, 1994. 24 bls. Menntasmiðjan, KHÍ.
Cohn-sherbok, Dan. *A Concise Encyclopedia of Judaism.* Oxford. Oneworld, 1998. 237 bls. Myndskreytt, kort.
Clark, Anne. *My Jewish faith.* London. Evans, 1999. 30 bls. Myndskreytt.
*Ethics in the World Religions.* Oxford. Oneworld, 2000. 381 bls. Myndskreytt.
*Jerusalem and the Holy Land*. London. Dorling Kindersley, 2000. 304 bls. Myndskreytt, uppdrættir.
Molloy, Michael. *Experiencing the World's Religions.* Menntasmiðjan, KHÍ.
O'Donnell, Kevin: *Inside World Religions.* Oxford. Lion, 2006. 192 bls.
Ouaknin, Marc-Alain: *Symbols of Judaism.* Paris. Assouline, 1997. 128 bls. Myndskreytt.
Starr-Glass, David: *The Simple Guide to Judaism.* Kent. Global, 1997. 120 bls. Myndskreytt.
*The Illustrated Guide to World Religions*. New York. Oxford University Press, 2003. 288 bls. Myndskreytt.
*World Religions. The Illustrated Guide.* London. Duncan Baird, 2003. 288 bls. Myndskreytt, kort.

## Netið

Hér er bent á nokkrar heimasíður sem hafa að geyma fróðleik og verkefni um gyðingdóm sem að gagni geta komið:

http://hafnarfjardarkirkja.is/Tr%FAarbrag%F0ahorni%F0/Gy%F0ingd%F3mur/tabid/429/Default.aspx Yfirlit yfir sögu gyðingdóms með hliðsjón af kristinni trú.

http://www.zion.is/saga.htm Á vef félagsins: Zíon – vinir Ísraels. Um gyðingdóm og hátíðir gyðinga.

http://www.zion.is/bibliuslodir.htm Hluti af vef félagsins Zion – vinir Ísraels. Hér eru m.a. myndir með skýringum af helgistöðum gyðinga, t.d. af gröf Abrahams í Hebron og leifum af fornum borgarmúr sem Davíð konungur lét reisa um Jerúsalem.

*http://www.visindavefur.hi.is/index.asp?url=svor/svar_4765.html Vísindavefur Háskóla Íslands. Fjallað um þann sið Íslendinga að setja ljósastjaka út í glugga um jólin en siðurinn á rætur að rekja til gyðingdóms.

http://www.murinn.is/eldra_b.asp?nr=86&gerd=Menning&arg=1 Fróðleikur um Grátmúrinn í Jerúsalem.

http://www.zion.is/Island-Israel.htm Ljósmyndir af opinberum samskiptum Íslands og Ísraels. Athyglisverðar sögulegar ljósmyndir með skýringartextum.

http://www.md.huji.ac.il/vjt/ Myndir af hliðum Jerúsalem og helgistöðum í borginni. Hér er líka krækja á síðu með „Chagall gluggunum," mósaíkmyndum af ættbálkum gyðinga eftir Marc Chagall.

http://jeru.huji.ac.il/eb1s.htm Upplýsingar um sögu Ísraels, söfn og aðra merka staði. Héðan er hægt að komast á margar spennandi undirsíður.

http://www.holylandnetwork.com/temple/model.htm Líkan af Jerúsalem á dögum Heródesar konungs. Með því að smella á tölur á líkaninu er hægt að fá fram ljósmyndir af viðkomandi stað.

*http://www.bibleplaces.com/details.htm Mikið safn ljósmynda af sögustöðum gyðinga. Þetta eru sérstaklega vel hannaðar síður og hér er hafsjór af fróðleik. Neðst á hverri síðu er vísað í aðrar heimasíður um sama efni.

*http://www.bibleplaces.com/tabernacle.htm Myndir af líkani af tjaldbúð gyðinga í eyðimörkinni.

http://www.mfa.gov.il/MFA/Facts%20About%20Israel/Israel%20in%20Maps/Israel%20in%20Maps Söguleg kort.

## Trúarleg tónlist

Á Netinu er hægt að hlusta á trúarlega tónlist gyðinga eða hlaða henni og brenna á disk. Þar er hægt að fá forrit til að spila tónlist ókeypis, t.d. á vefnum: www.download.com Ég mæli sérstaklega með VLC media player sem virðist spila flestar skrár, bæði tónskrár og video.

http://www.613.org/music/niggun.html Sýnishorn af ísraelskri tónlist.

*http://www.shma-israel.org/music.php Sálmar gyðinga. Góður vefur, mikið af tónlist. Sum lögin minna reyndar fullmikið á popptónlist en eru þó sungin á hebresku. Hér er líka hægt að hlusta á lestur úr helgiritum gyðinga á hebresku undir flipanum „Hebrew Narration.“

## Netútgáfur af Biblíunni.

Hægt er að leita að orðum í Biblíunni og prenta út kafla eða vers.

http://www.snerpa.is/net/biblia/

*http://www.hi.is/Uppl/Biblia/*

http://www.biblian.is/